


SKÍRNIR

TÍMARIT

HINS ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAGS



Vor



1993

Texti og landslag

1

Á FERÐALAGI OKKAR hefur jökullinn fært sig eins og í leiðslu bak við fjöll. Á ferðalögum er sjóndeild kvik og vakandi, ólík því sem hún er í áttthaga. Þorgeir Þorgeirsson segir að ferðalög séu merki um líf, að setjast í helgan stein kalli á dauðann; og víst gerir kyrrseta það að verkum að fjallahringur storknar, sjóndeild lamast. En nú sem sé lítum við upp og sjáum að jökullinn er horfinn. Og þá er um tvennt að velja: annaðhvort að snúa til baka í von um að jökullinn birtist aftur, eða halda áfram inn í löndin sem njóta ekki jökulskins.

Árið 1984 stofnaði stjórn Þjóðbókasafnsins í London til fyrirlestraraðar sem skyldi kennd við Sir Anthony Panizzi, aðalbókavörð safnsins uppúr miðbiki síðustu aldar, fræðimann sem breytti safninu úr risastórri óskipulegri bókageymslu í þá merku rannsóknarstofnun sem það er í dag. Fyrstu Panizzi-erindin voru flutt í nóvember og desember 1985 af Donald McKenzie, nýsjálenskuum prófessor sem var þá nýráðinn dósent í bókfræði við háskólann í Oxford.¹

Í fyrirlestrum sínum gerir McKenzie m.a. grein fyrir þeim breytingum sem ný tækni veldur í hugmyndum okkar um eðli texta. Hann leitast við að víkka hugtakið texti svo það eigi einnig við texta sem eru ekki í rituðu formi, svo sem hljóðupptökur, kvikmyndir, og tölvutekna texta. En hann lætur þar ekki staðar numið. Hann spyr hvort ekki sé hægt að hugsa sér landið sem texta, „ekki mynd þess á landakorti, heldur sjálft landið“. Hann

1 D.F. McKenzie. *Bibliography and the sociology of texts*. The Panizzi Lectures, 1985. London: The British Library 1986. Það sem hér er sagt um Panizzi og McKenzie er haft eftir Quinton lávarði sem ritar formála.

nefnir sem dæmi heimalönd Arunta-frumbyggja í Ástralíu, þar sem hver brekka, hver steinn í brekku hefur að geyma sögu eða þátt úr sögu sem lesa má með því að ferðast um landið. Landið hefur merkingu. Það er texti. En textar eru breytingum háðir, þeir mega þola eftirritun og endurritun, þeir lifa og deyja. McKenzie fer ekki í grafötur um afdrif texta Arunta-fólksins: sögur úr draumatið þessa fólks „verða ekki endurritaðar af fræðimönnum sem endursegja þær, heldur af námufyrirtækjum sem sprengja fjöll í leit að málmum“.²

Máðir textar, endurritaðir af vindi og veðri, aurskriðum og öskufalli, skógarhöggi, vegagerð, vatnsvirkjun. Íslendingasögur eru margar hverjar skráðar í giljum og hlíðum. En í hugum okkar sem læsir erum og búum við ritaðan menningararf er birtingarform sagna og söngva hinn tvívíði texti, bútaður niður í þær einingar sem tæknin fyrirskipar á hverjum tíma: í fáeinar árþúsundir hefur hann birst á ferstrendum flötum sem við lesum frá vinstri til hægri og niðurvíð línu fyrir línu. Þetta er handhægt form og bíður upp á ýmsa möguleika til að losna úr viðjum tímaraðtengingar sem fjötra tungumálið: við getum fært okkur upp nokkrar línur, aftur nokkrar blaðsíður, og jökullinn birtist aftur nákvæmlega jafn bleikur og óræður og síðast þegar hann seig inn í Akrafjallið á leið okkar úr bænum. Á þeirri blaðsíðu er veðrið óbreytt enn, ekki byrjað að þykkna í lofti. En við leikum ekki lengi á tímanni; við erum hrifin nauðug viljug inn í framrás tungumálsins, við neyðumst til að fletta næstu blaðsíðu, jökullinn hverfur, brekkur og hlíðar bregða lit, aftansól klæðir þær skörpum, tvívíðum skuggum sem minna á haust og myrkur.

Fyrir á öldum var hið tímaraðbundna eðli textans enn strangara. Lengivel var textinn bundinn lögmálum söngsins og sögunnar: hann var ein óslitin táknað, einvíður, og vídd hans í ritmáli samsvaraði tímaröðun hans í talmáli. Ágústínus í Hippó las bækur sínar upphátt; hann hefur einhvers staðar orð á þeim undarlega sið að lesa í hljóði.³ Ágústínus er hugfanginn af nýplátónskum

2 McKenzie, bls. 31-32.

3 Mig minnir hann nefni Ambrósíus biskup í því sambandi.

skoðunum um eðli tímans og hvernig tungumál manna bera vott um þetta eðli. Þegar hann syngur sálm sem hann þekkir vel, segir hann, „þenst út líf söngsins í tvær áttir: aftur inn í minningar mínar, sem er það sem ég er búinn að syngja á hverjum tíma, og fram í væntingar mínar, sem er það sem er enn ósungið“.⁴ Ófullkomleiki manna birtist í því að tungumál þeirra á sér tilvist eingöngu í tímanum: tímaleysi hins guðdómlega tungumáls er orðið sem er í upphafi með guði, hinn tímalausi altexti, óskiptur og heill, sem guð mælir fram í eilífðinni.

Latnesku og grísku textarnir sem Ágústínus las báru þess merki að textinn væri hugsaður sem óslitin táknað, hann var í eðli sínu ennþá einvíður. Hann var t.d. ekki orðskiptur. Þegar um bundið mál var að ræða voru vísuorðin ekki línuskript: það að nota línuskriptingu í takt við kveðandi söngsins er seinni tíma hugdetta, frá því er menn tóku að endurrita skóglendi heimstextans og nóg var til af pappír. Elstu textar eru gjarnan ritaðir *boustrophedon*, þannig að textinn lykkjast fram og til baka eins og plógmaður stýri eykinu, því fyrstu ritarar komu sér ekki til að slíta framrás málsins milli lína og fólk yfirleitt óvant slíkri augnaleikfimi.⁵ Á sama hátt skriðu rúnatextar Norðmanna í slönguham um steininn, enda kallar form steinsins ekki á línuskriptingu. Línuskripting gerir textann tvívíðan, svo ör tímans færast ávallt til hægri og niðurvíð; svo málfræðingar geti talað um „vinstri-færslu“ orða; svo við getum vísað til þess sem sagt var „hér að ofan“.

2

Frumbyggjar Ástralíu lifðu í margar árþúsundir, sumir segja í tugi árþúsunda, án bókritaðra texta. Íslendingar afturámóti hafa

4 *Játningar* Ágústínusar XI. xxix (38). Samkvæmt Plotínusi á tíminn sér tilvist í þessari þenslu eða þrota lífsins: διάστασις οὖν ζωῆς χρόνον εἶχε, III.7.11.

5 Orðið *texti*, sem er latneskt, frá sögninni *texere*, að vefa, vísar upprunalega til *boustrophedon*-ritunar, því vefarinn skýtur skutlinum fram og til baka á sama hátt. Orðið *boustrophedon* er samsett úr grísku *bous* ‘nautgripur’ og *strophê* ‘snúningur, það að snúa við’. *Strophê* er notað í bragfræði og merkir erindi, en orðið kemur einnig fram í orðinu *stroff*, sem tengir það aftur við vefnað.

lengst af haft þann háttinn á, að rita texta sína á bók. Samt eru til glögg merki frá þeim tíma er aðaltexti norrænna manna var sjálft landið. Einar Pálsson hefur rýnt lengi í þann texta. Og enn má finna kennileiti sem segja sínar sögur.

Um Kerlingu í Kaldadal segir Haraldur Sigurðsson bókavörður í *Árbók Ferðafélags Íslands* 1954:

Fyrir sunnan Kaldadal, við enda Hróðurkarla, er varða við veginn, sem Kerling heitir. Er það forn siður hagrýðinga, er um veginn fara, að ljóða á þá, sem síðar koma, í nafni hennar. Nefnist slíkur kveðskapur beina-kerlingavísur, og var þeim venjulega komið fyrir í legg í vörðunni. Ekki voru vísur þessar að jafnaði grómlausar, því að kerling var opinská og sagði hug sinn tæpitungulaust. (bls. 29)

Árið 1963 kom ég við hjá Kerlingu í fyrsta sinn. Ég var á ferð með Hvítisíðingum sem lokið höfðu að hirða og kominn var ferðahugur í eins og stundum verður um bændur að áliðnu sumri. Þetta var fyrsta sumarið mitt á Íslandi og drættir landsins eins og opinberun. Hvítisíðingar sem höfðu verið að yrkja undir stýri alla leið frá Húsafelli páruðu vísurnar sínar á pappírssnifsi og stungu í sultukrukkur og neftóbaksdósir sem kúrdú inni á milli steinanna í vörðunni. Síðan hef ég oft farið þessa leið á ferðum mínum til góðvina í Hvítársíðunni, og alltaf fannst mér fækka vísur í kerlingunni. Síðustu árin hafa engar verið. Kerling orðin grómlaus.

Staðsetning vörðunnar vafðist alltaf fyrir mér. Varla er hún þar til að vísa veginn, því hún stendur við rætur Hróðurkarlanna sem eru miklu áreiðanlegri vegvísir en hún, enda gæti Kaldadalsleiðin tæpast legið annars staðar á þessum kafla. Kerling stendur um það bil hálfá vegu milli Þingvalla og Húsafells,⁶ og er það ef til vill nægileg ástæða fyrir tilvist hennar. Enda standa víst beina-kerlingar víðar á fjallvegum Íslands. Að vísu skildist mér af samferðamönnum mínum fyrir þrjátíu árum, að varðan væri minnismerki um kerlingu sem varð úti á þessum slóðum, þótt enginn kynni frekari deili á þeirri sögu, enda fékk ég líka á tilfinninguna

6 Svo segir á bls. 43 í *Árbók Ferðafélagsins* 1930.

að fólkí myndist sagan ekki trúverðug. En einhvern veginn fannst mér strax þá að varða þessi hefði einhverja merkingu sem hægt væri að lesa ef menn kynnu bara letrið.

Ef til vill eru beinakerlingar, hvar sem þær standa, vegvísar um leiðir milli landtexta og bóktexa, snertipunktur grjóts og gróm-mikillar vísnagerðar, dyr milli alheimssamfélags texta, sem á útlensku kallast því ljóta nafni *intertextúalitet*,⁷ og undurfallega yfirborðs þessarar jarðkúlu. Og sé virkilega svo, að beinakerling í Kaldadal vísi veginn úr tungumálinu, úr textanum, út í íslenska fjallavíðáttu, þá eru þetta mikil tíðindi í heimi þeirra sem hafa sem frumsetningu *il n'y a pas d'hors-texte*, utan textans er ekkert til.

Svo gerist það einn fallegan morgun fyrir nokkrum árum að ég er einn á ferð um Kaldadal sem oftast. Að vana geri ég stans hjá kerlingu til að athuga hvort hún hafi eitthvað að segja. Hún er þögul eins og gröfin, en ferðamenn hafa verið að bera steina í hana: hún er stærri og hrúgaldslegri en í myndinni á bls. 18 í *Árbók Ferðafélagsins* 1980, en sú mynd var greinilega tekin þegar hún var ennþá ung og lagleg varða. Veðrið var fallett, hæg fjallagola og ekki skýhnoðri á himni. Og sem ég stend og pissa til vest-norðvesturs tek ég eftir dálitlu undarlegu á sjóndeildinni. Þar eru lág fjöll, seinna réð ég af kortinu að ég hafi líklega verið að horfa á Skotmannsfell. Það er lítið snjóhvítt kusk efst á fjallinu. Er það ský? Nei, það er of stöndugt, of raunverulegt. Það er eins og klína af hvítu tannkremi. Það er ótrúlegt. Fannhvítur depill sem ber við himin. Það er Snæfellsjökull.

Stutt vettvangskönnun: í fyrsta lagi, klifra nokkra metra upp á rætur Hróðurkarls til að sjá betur. Jú, það er ekki um að villast, enda brekkan böðuð orðin í jökulskini. Kuskið hverfur um leið og gengið er niður slakkann til vesturs við veginn. Í öðru lagi, athuga á hve löngum kafla vegarins sér til jökuls. Það er fljótgert. Það eru varla fimmtíu metrar.

7 Ástráður Eysteinnsson segir mér að á íslensku sé nú farið að nota orðið *textatengsl* í þessu sambandi.

Ég hef tvær tilgátur, aðra sannreynandi, hina ef til vill ekki. Önnur er að Kerlingin standi á þeim eina stað á gömlu leiðinni af þingi norður þar sem sér til Snæfellsjökuls. Hin er sú, að ég sé ekki fyrsti maðurinn sem hefur staðið hér og pissað til vest-norð-vesturs þegar ekki sér ský á himni.

3

Það fer ekki á milli mála að það er kominn tími að kortleggja vandlega þann hluta af landinu sem nýtur jökulskins frá Snæfellsjökli. A.m.k. má byrja með Snæfellsjökul. Önnur fjöll skína að sjálfsögðu líka, og væri t.d. gaman að sjá fjallaskinkort af Baulu eða Eiríksgnípu. Umhverfisverndarmönnum þætti vafalaust fengur að sjónmengunarkortum frá Straumsvík eða Grundartanga. Ef til vill væri hægt að gera kröfu til þess að sjónmengunarkort séu gerð og birt opinberlega í framtíðinni áður en ákvarðanir verði teknar um fleiri slík mannvirki.

Aðalerindi þessa greinarkorns er því að gera tillögu um þrjár hugsanlegar aðferðir til að gera jökulskinkort af Snæfellsjökli; og í framhaldi af því að ræða lítilsháttar um þá fleti bókræðinnar sem falla undir hið erlenda hugtak sem drepíð var á hér að ofan, og velta ögn fyrir sér hvort orðið altexti væri ekki hreint ágætis þýðing.

Fyrsta aðferðin er sú að gengið er um landið með sjónpípu. Gengið er á mörkum jökulskins og skugga og gönguleið skráð á landakort. Sjónpípa er mjótt rör þráðbeint um það bil 12 cm langt sem fest er við þrifót, þannig að hún leikur frjálst í sæti sínu uns skrúfa er hert, en þá situr hún föst. Sjálfur nota ég bít af 10 mm sveru koparröri með festingu um sig miðja sem hægt er að skrúfa fast á þrifót undan myndavél sem ég fæ lánaðan hjá dóttur minni. Notkun sjónpípunnar er sem hér segir. Oft kemur upp sú staða, þegar gengið er um landið á þennan hátt, að þótt jöklinum sé haldið rétt innan sjóndeildar, þannig að hann hverfi um leið og gengið er lengra frá honum, er þó sýnt að land rísi aftur lengra frá, þannig að önnur jökulskinsrönd liggja utar; ekki er alltaf gott að gera sér grein fyrir þessu og því gripið til sjónpípunnar. Henni er fyrir komið þannig að í gegnum hana sér á jökultinda, og hún

þá skrúfuð föst. Því næst kíkir athugunarmaður í gegnum hana frá öfugum endanum, og gætir þess um leið að hún hafi ekki haggast. Sjáist þá í land, er þar jökulskin, og þar á eftir að kortleggja önnur jökulskinssvæði; sjáist hins vegar aðeins í himin, getur göngumaður verið viss um, að hann standi á ystu mörkum jökulskins á þessum hnetti, og kasti því sjálfur jökulskugga þaðan sem hann stendur út í himingeim.

Athugun þessi tekur að öllum líkindum nokkur ár í framkvæmd, og þurfa vanir fjallgöngumenn að taka þátt í henni. Að sjálfsgöðu er eingöngu hægt að vinna að henni þegar skyggni leyfir. Sérstaklega verður verkið vandasamt í byggð og í kringum stór mannvirki, sökum þess að hús kasta jökulskuggum; en þessi þáttur verksins er ekki síst nauðsynlegur fyrir íbúa höfuðborgarinnar þar sem jafnvel í miðbænum leynast auð jökulskinssvæði.

Að lokinni athugun legg ég til að unnið verði úr niðurstöðum á eftirfarandi hátt. Fenginn verður heimspekkur umhverfislistamaður á borð við Christo, sem hefur víðtæka reynslu í að pakka inn stórum landssvæðum, og hann beðinn um að stjórna því verki að klæða allt landið hvítu plasti þar sem jökulskins gætir, en svörtu plasti þar sem landið er í skugga. Hægt væri að undirbúa þetta verk í nokkur ár með því að halda til haga öllu hvíta plastinu sem bændur nota utan um heyrúllur sínar. Nýlega eru bændur einnig byrjaðir að nota svart plast. Ef til vill væri hægt að fá þá til að nota hvítt eða svart plast eftir því hvort þeir sæju til jökulskins eða ekki, og mundi sú ráðstöfun flýta nokkuð fyrir framkvæmd þessa þáttar verksins. Allar húshliðar sem vita til jökulskulu málaðar hvítar, en þær sem vísa frá svartar. Að þessu öllu loknu væri rétt að taka eina mynd af Íslandi frá gervitungli. Ég er viss um að það yrði athyglisverð ljósmynd.

Önnur aðferð er ónákvæmari, en eitthvað léttari í framkvæmd. Litlum halógenlampa er komið fyrir efst á Snæfellsjökli á stóra upphleypta Íslandskortinu í Ráðhöll Reykavíkurborgar. Sverfa þarf af fjallinu svo að ljósið verði ekki hærra en fjallið væri ella. Salurinn er myrkvaður, og ljósmynd tekin frá bómu sem komið er fyrir yfir kortinu. Ekki kemur að sök að hæðarmunur á kortinu er ýktur, því hlutföllin eru þau sömu á öllu kortinu. Ég er viss um að þetta yrði líka skemmtileg ljósmynd.

Þriðja aðferðin felur í sér tölvutækni. Skipta verður landinu upp í reiti, og skrá í tölvu hæð hvers reits yfir sjávarmáli. Best væri að hafa reitina tíu metra á kant, eða eitt hundrað fermetra hvern. Samkvæmt Almanaki Háskóla Íslands er flatarmál landsins 103 000 ferkilómetrar, og mun því þurfa að skrásetja 1 030 000 000 000 reiti. Ég veit ekki hve langan tíma þetta tekur: líklega hefur þegar verið fundin upp leið til að vinna slíkar upplýsingar úr loftmyndum. Að öllum líkindum eru Landmælingar Íslands löngu byrjaðar á þessu verkefni. Þegar því er lokið, verður hægt að kalla fram og prenta út fjallaskinskort af öllum fjöllum á Íslandi, og gefa þær út í einni bók. Ég er viss um að bókin selst mjög vel.

4

Landslagesðli textans felst í því, að það skiptir máli í hvaða ljósi hann er lesinn, hvaða fletir hans eru upplýstir, hverjir í skugga. Annars staðar í þessu hefti tímaritsins er ljóðið „Hvarf“. Vita-skuld skiptir það máli hvort ljóðið er lesið í ljósi þessarar greinar, eða greinin lesin í ljósi ljóðsins. Er ljóðið lýsing á landslagi hugans, eða fjallar það um annarlegt ástand í þjóðfélaginu? eða möndulhalla jarðar? Og hér kemur hinn hvarleiði uppskafningur tíminn til skjalanna. Haldi lesandi sömu lesstefnu í gegnum þetta tímaritshefti og mörkuð er í hverri setningu, sem sagt, frá vinstri til hægri, og takist rétt til við prentun tímaritsins, mun hann hafa lesið ljóðið á undan greininni – að því gefnu náttúrulega að ljóðið liggi einhvers staðar til vinstri við greinina miðað við opna bók; eða einhvers staðar fyrir ofan greinina þegar tímaritið liggur á borði með forsíðuna upp; eða einhvers staðar til hægri við greinina standi tímaritið skikkanlega í hillu með öðrum tímaritum, eða bókum, eða myndsnældum; – hitt er að sjálfsögðu einnig hugsanlegt, því náttúrulega ræður ritstjóri þessum hlutum en ekki ég, að blaðsíðutal ljóðsins sé hærra – eða réttara sagt meira – en blaðsíðutal síðustu blaðsíðu greinarinnar, þannig að það liggi til hægri við greinina miðað við opna bók, o.s.fr. – Tímahugtakið er óneitanlega þægilegt. Annaðhvort kemur ljóðið á undan í tímaritinu og grein á eftir, eða öfugt. Og þannig er best að orða það, jafnvel

Þótt lesandi lesi allt tímaritið afturábak frá hægri til vinstri (miðað, að sjálfsögðu, við opna bók), eða lesi ef til vill aðeins greinina en ekki ljóðið, eða aðeins ljóðið en ekki greinina, eða jafnvel hvorki ljóðið né greinina. En *eftir á*, ef svo má að orði komast, þegar lesandi hefur lesið bæði ljóðið og greinina – getur það ekki verið að hann gleymi, í fyllingu tímans, hvort hann hafi lesið ljóðið í ljósi greinarinnar eða greinina í ljósi ljóðsins? Hverfur þá ekki upprunalega tímaröðin?

Ekki að fullu. Því alltaf má athuga úr hvaða átt það ljós kemur sem notað er við lestur. Með því að athuga vandlega ljósflieti textans, og hafa með sér gott bókmenntakort, er oftast hægt að miða út ljósgjafana á hverjum tíma. Og hér og þar finnum við staði í bóktexta þar sem sér vítt til margra átta, einsog útsýnisstaði auðkennda með alþjóðlegu umferðarmerki sem gefur til kynna blómlega víðáttu, þar sem hægt er að pissa í beinni sjónlínu frá Snæfellsjökli og Eiríksjökli og Hallgrímskirku í senn.

Að vísu getur manni lengi sést yfir slíka staði í bóktextum á meðan notast er við sjónpípuaðferðina, því þótt yfirborð bóktextans virðist á stundum vera tvívíður flötur eins og landakort, hefur hann í reynd fleiri birtingarmyndir. Roland Barthes lýsir texta sem margvíðu rými þar sem „margbreytileg skrif blandast og rekast á án þess að nokkur þeirra séu upprunaleg“.⁸ Ég kann ekki að segja frá þeirri margvíðu sjónpípu sem þarf til að kortleggja ljósflieti bóktexta. Bókmenntafræðingar notast helst við Ráðhallaraðferðina til þess arna, búa til marvísleg líkön sem eiga að sýna bókmenntalandslag frá ýmsum sjónarhornum, enda margir bókmenntafræðingar furðu lúmskir við að láta þessi líkön, þessar kenningar, líkjast hinu raunverulega landslagi. En ekkert gengur upp að fullu. Kortið í Ráðhöllinni tekur ekki tillit til hnattlögunar yfirborðs jarðar. Bókmenntakenning er að því leyti lík raunvísindakenningu, að hún er nothæf þangað til hún er ekki lengur nothæf.

Tölvutaka texta er þegar byrjuð að valda umróti í heimi bókfræðinnar. Margt bendir til þess að tímabil hinnar tvívíðu birting-

8 „Dauði höfundarins“, þýð. Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, *Spor í bókmenntafræði* 20. aldar, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 1991:177

armyndar tungumáls, hinnar ferköntuðu blaðsíðu síðustu alda, sé að renna sitt skeið. Textinn er ekki lengur línuskiptur á tölvudiski, hann er ein óslitin röð tákna. Reyndar er hann ekki einu sinni raðbundinn lengur: tölvan gerir okkur að vísu til geðs með því að sýna okkur textann í þeirri tímaröðuðu mynd sem skilningarvit okkar þarfnast, en hún er jafnfær um að prenta allt út afturábak, eða í hringi, eða í fullkomlega handahófskenndri röð. Og reyndar eru nýjustu textar okkar, gagnasöfnin, aðeins tímaraðbundnir í smáskömmtum, að því marki sem tungumál okkar krefst. Innri tengingar gagnasafna eru ekki raðbundnar heldur margvíðar eins og tengingar heilabúa okkar. Sá texti sem unninn er uppúr þeim og birtist á tölvuskermi eða útprentun er aðeins ein birtingarmynd tölvutextans. Tölvan prentar út þá ljósflietextans sem okkur líkar á hverjum tíma.

5

Landslag tekur ekki enda. Þegar siglt er frá landi uns Snæfellsjökull og öll Íslands fjöll sökkva í sæ, þá er stutt í að Færeyjar rísi, eða Grænlandsjökull. Platon vissi að jarðkringlan væri hnöttur, án útjaðra, án samskeyta: það segir sig sjálft, það er miklu eðlilegra að ímynda sér slíkan heim heldur en þá skopmynd sem hefur verið dregin upp af „heimsmýnd víkinga“, fjöllóttu köku með klettóttum köntum og undir ómælisdjúp. Platoni fannst að vísu ástæða til að velta fyrir sér hversvegna alheimurinn hefði ekki útlími eins og aðrar lifandi verur,⁹ en jaðarleysi hans vafðist ekki fyrir honum, né heldur reyndar fyrir Ágústínusi. Að minnsta kosti hafði Ágústínus ekki áhyggjur af endamörkum mannhugans.¹⁰

Aðdaleinkenni heimstextans er að hann er einn og óskiptur. Sem flötur á hnetti tekur hann ekki enda. Þrátt fyrir greinileg skil, klettóttar strendur, jökulrendur og rofabörð, er hann einn og fullkominn. Engin eyja liggur það langt úti í reginhafi að hún fái aldrei veður af landi. Eins er farið með bóktexta þessa heims:

⁹ *Timaeus* 34a.

¹⁰ *Confessiones* 6. bók

sjálfstæðir textar eru ekki til. Það er aðeins til einn texti, altextinn. Allir textar finna sér samastað í altextanum, og þiggja af honum tilvist sína og sérstöðu.

6

Í upphafi þessarar hugleiðingar vitnaði ég í Þorgeir Þorgeirsson, en hann var að lýsa því hvernig áform hans um að setjast í helgan stein fór heldur á annan veg, með örlagaríkum afleiðingum fyrir íslenska réttarsögu. Það var í þættinum „Út og suður“ á Rás eitt í septemberbyrjun 1992, þegar hann rak smiðshöggið á bókina sína *Að gefnu tilefni*. En tilvitnunin er ekki alveg rétt eftir höfð. Þorgeir nefndi reyndar ekki helgan stein, heldur hikaði ögn eftir orðið „setjast“ og botnaði svo „... í minn stein“.

Hvað gerðist? Að frátaldri þeirri margslungnu merkingarflækju sem leynist í þessu hiki, er rétt að spyrja hverslags málfræðilegt gangverk stjórnari því að orðtak fari á skrið í beinni útsendingu. Hvernig getur eitt ósagt orð bergmálað eins og bannhelgi? Hvaðan kemur það bergmál?

Vitaskuld frá Altextanum.

PÉTUR KNÚTSSON

Hvarf

Gamalkunn sýn:
á tímalausri stundu
skriður jökullinn í hvarf

en ferðin teygist áfram tímans veg

nú birtast skuggahlíðar landsins
í allri sinni ógnarsólar dýrð